

Ályktun um fiskvinnslu- og sjávarútvegsstefnu Starfsgreinasambandsins

Fiskvinnsla og sjávarútvegur eru þær atvinnugreinar landsmanna sem einna mest áhrif hafa, ekki aðeins á lífskjör og aðstæður þess fólks sem starfar í greininni, heldur einnig á íslenskt efnahagslíf og þjóðarbúskapinn allan. Í ljósi þess er mikilvægt fyrir samtök eins og Starfsgreinasamband Íslands að hafa heildstæða stefnu í málaflokknum.

Fiskvinnsla

Starfsgreinasamband Íslands telur mikilvægt að sátt náist í þjóðfélaginu um að styrkja landvinnslu sjávarafurða. Miklir möguleikar felast í meiri vinnslu og frekari fullvinnslu sjávarafurða. Til þess að nýta þá möguleika þarf vinnslan að geta treyst á öruggt hráefni ásamt áframhaldandi tækni- og vöruþróun og markaðsþekkingu. Tæknibreytingar í greininni hafa þó ekki skilað fiskvinnslufólki jafn miklu og því ber í bætum kjörum. Búa þarf fiskvinnslunni starfsumhverfi sem geri henni kleift að greiða starfsfólki góð laun. Til að ná þessum markmiðum fram, þarf vinnslan ekki síst vel menntað og hæft starfsfólk.

Jafnt og öruggt framboð á hráefni er nauðsynlegt svo að fiskvinnslan búi við eðlileg skilyrði og til að störf við fiskvinnslu séu eftirsóknarverð. Nauðsynlegt er því að stjórnun veiðanna og miðlun hráefnis taki mið af því að landvinnslan hafi aðgang að nægu hráefni.

Mikilvægt er að efla landvinnslu, enda er hún mun hagkvæmari fyrir samfélagið en sjóvinnsla. Þjóðhagsleg margfeldisáhrif landvinnslu eru ótvíræð, hún skapar meiri verðmæti og einnig fleiri störf en sjóvinnslan gerir.

Leyfa ber fjárfestingu útlendinga til uppbyggingar í fiskvinnslu, en jafnframt þurfa að vera skýrar reglur og lög sem tryggi að fullu hagsmuni Íslendinga og að auðlindin verði áfram í eigu þjóðarinnar, eins og kveðið er á um í stjórnarskrá Íslands.

Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á eftirfarandi:

- Starfsgreinasamband Íslands telur að í nútímaþjóðfélagi sé ekki hægt að una því að í mikilvægustu undirstöðu atvinnugrein þjóðarinnar sé starfsfólki sköpuð önnur ráðningarskilyrði og afkomaöryggi en öðrum starfsstéttum. Sambandið krefst þess að Alþingi setji lagaramma sem tryggi starfsmönnum í fiskvinnslu sömu réttindi varðandi ráðningarkjör og gildir um aðrar starfsstéttir þjóðfélagsins.
- Stuðningur verði aukinn við fyrirtæki sem vinna að nýsköpun í fiskvinnslu og þá sem eru að nýta afurðir sem aðrir telja verðlausar. Mikil vermæti geta legið í þessum afurðum og því ber að nýta þær.
- Vinna þarf að því að draga enn frekar úr áhrifum tolla á útflutning sjávarafurða, með það að markmiði að skapa sjávarútvegi og fiskvinnslu bestu rekstrarskilyrði, þannig verður viðskiptaumhverfi sjávarútvegsins best tryggt.
- Starfsgreinasamband Íslands telur að áttak þurfi að gera í starfsmenntamálum fiskvinnslufólks. Aukin tæknivæðing og fækkun fiskvinnslufólks kallar á aukna hæfni hjá því starfsfólki sem vinnur við fiskvinnslu. SGS telur mikilvægt að starfsmenntun og fræðsla þeirra sem stunda veiðar og fiskvinnslu sé skipulögð með það að markmiði að auka hæfni starfsmanna og tryggja gæði framleiðslunnar.
- Starfsgreinasamband Íslands vill að meiri kraftur verði settur í kynningu á fiskvinnslu og störfum í sjávarútvegi almennt með það að markmiði að gera slík störf eftirsóknarverðari á meðal ungs fólks.

Þingskjal nr.

Fiskveiðistjórnun

Það stjórnkerfi sem við búum við verður að taka mið af lífríki hafsins, sem og lífsafkomu þeirra sem vinna við greinina. Reka þarf ábyrga fiskveiðistefnu sem miðar í senn að uppbyggingu fiskistofna og nýtingu þeirra sem leiðir til hámarksafkasturs. Ljóst er að engin sátt er um núverandi kvótakerfi í fiskveiðum og nauðsynlegt er að ná sameiginlegri niðurstöðu um skipulag veiðanna, þar sem tekið verður tillit til allra hagsmunaaðila. Sambandið er þeirrar skoðunar að núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi þarfnist gagngerrar endurskoðunar.

Starfsgreinasamband Íslands vill að þær tekjur sem skapast af auðlindagjaldi verði notaðar til að kosta nauðsynlegar rannsóknir á lífríki hafsins, en einnig til uppbyggingar atvinnulífsins í þeim byggðarlögum sem byggja afkomu sína á fiskveiðum.

Til að sátt skapist um fiskveiðistjórnunarkerfið krefst Starfsgreinasambandið þess, að útgerðum verði gert að skila yfirráðaréttinum yfir auðlindinni í áföngum. Þannig verði snúið við þeirri óeðlilegu eignatilfærslu með tilheyrandi búseturöskun sem orðið hefur á síðustu áratugum og tryggð á ný eðlileg endurnýjun í atvinnugreininni.

Hluti af sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar felst í því að nýta alla þá fjölbreyttu veiðistofna sem lífríkið býður upp á.

Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á eftirfarandi lagfæringar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, meðan unnið er að sátt um gagngera uppstokkun:

- Fiskveiðistjórnun er ekki einkamál útgerða og sjómanna. Taka þarf fullt tillit til fiskvinnslunnar og verkafólks í landi og sjávarbyggðanna þegar ákvarðanir varðandi fiskveiðistjórnun eru teknar.
- Starfsgreinasamband Íslands er almennt andvígt leigu á veiðiheimildum og framsali á milli útgerða, en telur eðlilegt að heimila tilfærslur á aflaheimildum innan sömu útgerðar.
- Starfsgreinasambandið telur að gera eigi fiskvinnslustöðvum mögulegt að ráða yfir aflaheimildum.
- Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu hafsins, þar sem atvinnugreinin lifi í sátt og samlyndi við umhverfið og hægt verði að byggja upp fiskistofnana allt í kringum landið. Taka ber tillit til vistvænna veiðarfæra við skipulagningu á veiðum innan fiskveiðilögsögunnar.
- Starfsgreinasamband Íslands vill að þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um stjórnun fiskveiða og kvótasetningu fisktegunda, sem hafa verið utan kvóta hjá smábátum, verði felldar úr gildi. Þá sé með öllu ástæðulaust að bátar undir fimm brúttótonnum séu felldir undir aflamark. Núgildandi lagasetning mun að óbreyttu leiða til frekari byggðaröskunar og fólksflóttu af landsbyggðinni.
- Starfsgreinasamband Íslands telur að auka eigi hlut byggðakvóta til þess að styrkja þær byggðir sem byggja afkomu sína öðru fremur á vinnslu sjávarafurða. SGS telur að stjórnvöld eigi að hafa heimild til að nota byggðakvóta sem tæki til sértækra aðgerða vegna byggðalaga sem verða fyrir mikilli röskun á atvinnulífi sínu.
- Allan fisk sem veiddur er í íslenski landhelgi og fyrirhugað er að flytja óunninn úr landi skuli selja í gegnum íslenska fiskmarkaði.
- Allur afli sem kemur að landi á Íslandi verði vigtaður hérlandis. Fiskur sem fluttur er út í gámum á að lúta sömu reglum og annar fiskur sem hér er landað. Slíkar reglur munu stuðla að auknu framboði hráefnis fyrir vinnslu innanlands.
- Starfsgreinasamband Íslands hvetur eindregið til þess að Alþingi setji lög um kvótaskerðingu á óunnum bolfiski á erlenda fiskmarkaði og eyði þar með réttaróvissu um heimild til aflaskerðingar í þeim tilfellum.